



Reykjavík 14.05.2021

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 12. maí 2021 varðandi eftirfarandi mál.

Hvassaleitisskóli

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hvassaleitisskóla að Stóragerði 11A. Í tillögunni eru sýndar endurbætur er stuðla að auknu öryggi nemenda og starfsmanna skólans, bæði er varðar bætt aðgengi að skólalóðinni og bættri aðstöðu til leikja innan hennar. Færa á almennu bílastæðin (30 stk.) frá norðurhluta skólalóðar yfir á suðurhluta með nýrri aðkomu frá Brekkugerði sem er á borgarlandi. Stæði hreyfihamlaða (2 stk.) verða áfram á núverandi stað fyrir framan aðalinngang skólans. Deiliskipulagsmörk verða útvíkkuð og skólalóð verður stækkuð auk þess sem komið verður fyrir skólarútustæði og sleppistæði í Stóragerði. Nýjum byggingarreitum undir færanlegar kennslustofur og nýtt sorpgerði er komið fyrir innan skólalóðarinnar, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 29. janúar 2021, br. 27. apríl 2021. Einnig er lagt fram minnisblað skóla- og frístundasviðs dags. 16. apríl 2019. Tillagan var auglýst frá 19. febrúar 2021 til og með 7. apríl 2021. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir: Ólafía Aðalsteinsdóttir dags. 4. mars 2021, Axel Kaaber dags. 6. apríl 2021 og 46 eigendur að Brekkugerði og Stóragerði 27, dags. 7. apríl 2021. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. apríl 2021.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Visað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun: Skipulagið er til bóta fyrir skólasamfélagið í heild enda hugmyndirnar komnar þaðan. Athugasemdin um að taka alfarið burt stæðin og nýta einungis stæði í borgarlandi er áhugaverð og rétt að skoða þá hugmynd betur í tengslum við gerð hverfisskipulags fyrir hverfið.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Breyting á skipulagi er til þess að auka öryggi barna á leið í skólann og til að tryggja öryggi við og bæta leiksvæði á skólalóðinni. Tillagan byggir á hugmyndum aðila skólasamfélagsins sem sátu í undirbúningshópi í hönnunarferlinu. Í honum sátu fulltrúar nemenda, foreldra og starfsfólks. Það var samdóma álit allra aðila að mikilvægt væri að tryggja betur öryggi nemenda með því að færa umferð út af skólalóðinni. Gert er ráð fyrir sérstöku stæði fyrir starfsfólk, svo það þarf ekki að nýta sér stæði nálægum götum og áfram verður sleppistæði fyrir foreldra sem skutla börnum sínum til skóla.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Þegar kemur að deiliskipulagsbreytingar í grónum hverfum er mikilvægt að haft sé samráð við íbúa um breytingarnar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins telur að best hefði farið á því að fresta þessu máli enda hér farið gegn vilja íbúa sem hafa verið samstíga í málinu. Þetta er m.a. spurning um öryggi og öll viljum við að öryggi barna sem er að koma í og úr skóla sé sem allra mest. Vinna á þetta með íbúum ekki síst þeim sem breytingarnar snerta mest. Fulltrúi Flokks fólksins hefur lagt fram tillögu og hvatt skipulagsyfirvöld til að hlustað verði á íbúana í hverfinu, unnið með þeim í málinu. Sú tillaga Flokks fólksins er lögð fram á þessum sama fundi og verður væntanlega vísað frá. Aðgerðir þessar eru að ósk skólans en finna þarf lausn sem allir geta sætt sig við.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir


Fylgiskjöl: uppdr. dags. 29. janúar 2021, br. 27. apríl 2021, minnisblað skóla- og frístundasviðs dags. 16. apríl 2019, innkomnar athugasemdir og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. apríl 2021.

HVASSALEITISKÓLI

DEILISKIPULAGSBREYTING

Staðgreinir 0-1- 1804101

Landnúmer 107732



NÚGILDANDI DEILISKIPULAG

GILDANDI DEILISKIPULAG

Í gildi er deiliskipulag fyrir Hvassaleitisskóla sem samþykkt var í borgarráði Reykjavíkur þann 25. ágúst 1998 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 31. maí 1999. Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030 er landnotkun á deiliskipulagssvæðinu samfélagsþjónusta.

Afmörkun deiliskipulagssvæðis


Núverandi deiliskipulagssvæði afmarkast af Stóragarði, Heiðargerði og Brekkugerði.

Forsendur

Hvassaleitisskóli var byggður árið 1965 og stækkaður um 1.100m² árið 1999 og er nú 4.643 m². Í skólanum eru 180 nemendur (2020) í 1-7 bekk.

Hvassaleitisskóli liggur inn í grónu íbúðahverfi. Gönguleiðir liggja að skólalóðinni frá nærliggjandi íbúðarbyggð, en aðalaðkoma akandi vegfaranda er frá Stóragarði um þröngt sund að núverandi bílastæðum. Á lóðinni eru samtals 32 bílastæði; 30 stæði eru fyrir almenning, en 2 fyrir hreyfihamlaða. Öll aðföng að skólanum sem og aðkoma sérbíla, þæ með talin aðkoma farartækja hreyfihamlaðra nemenda skólans, liggja einnig um sundið og blandast því gangandi og hjólandi vegfarendum sem getur skapað hættu.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 og hjólréiðaaætlan Reykjavíkurborgar 2015-2020 leggur áherslu á hvetjandi umhverfi sem styður við hjólréiðar svo Reykjavík verði betri hjólaborg. Samkvæmt markmiðum sáttmála þessara er gert ráð fyrir reiðhjólustæðum við grunnskóla borgarinnar sem nemur 20% fjölda nemenda, kennara og annarra starfsmanna við skólann. Helmingur hjólustæða skal verða yfirbyggður.



TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI

TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI

Forsendur


Megináhersla skólayfirvalda og forráðamana barna við undirbúningsvinnu endurbótanna er öryggi og bætt aðgengi að skólalóðinni og innan hennar. Tillögur að endurbótum felast í því að færa til núverandi bílastæði innan lóðar - frá núverandi staðsetningu með aðkomu frá Stóragarði - í suðvesturhorn skólalóðarinnar með nýrri aðkomu frá Brekkugerði. Þá verði lóðarmörk skólans útvíkkuð út í Stóragarði

Endurbætur lóðar Hvassaleitisskóla hófust 2017. Til þessa felast stærstu verkþættirnar í nýjum gervigrasvelli, fjölbreyttum leiktækjum og búnaði, aðstöðu til útikennslu og uppbyggingu gróðurs. Þá hefur aðkomustígurinn frá Brekkugerði verið styrktur til muna með nýju yfirborði, hitalögn og endurbættri lýsingu.

Markmið

Endurbæta aðkomu að skólanum og tryggja almennt öryggi nemenda, starfsmanna og annarra vegfaranda; að, frá og innan lóðar :

- Skilja að umferð og leik.
- Færa núverandi almenn bílastæði til innan lóðar með aðkomu frá Brekkugerði.
- Gera núverandi almenn bílastæði að leiksvæði nemenda, með áherslu á íþróttar- þrek og þrautaleiki.
- Bæta aðkomu hreyfihamlaðra og tryggja bílastæði fyrir þá.
- Skóða aðkomu bíla með aðföng að eldhúsi, neyðarbíla og sorphirðu.
- Staðsetja byggingareiti fyrir sorp- og hjólaškýli (lokað að hluta).



SKÝRINGARMYND

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að færa almennu bílastæðin (30)/ frá norðurhluta lóðar yfir á suðurhluta með nýrri aðkomu frá Brekkugerði sem er á borgarlandi. Stæði hreyfihamlaðra (2) verða áfram fyrir framan aðalningang skólans. Fjöldi bílastæða á skólalóðinni helst óbreyttur. Aðkoma hreyfihamlaðra og annarra sérbíla verður áfram um sundið frá Stóragarði. Þar er jafnframt gert ráð fyrir möguleika á hliði / hliðslá (á borgarlandi).

Við þessa breytingu skapast rými til verulegra endurbóta á lóðinni næst skólabýggingu:


- Nýtt leiksvæði í tengslum við íþróttahús skólans, með áherslu á þrek- og þrautaleiki
- Endurbætt aðkoma fyrir aðföng

Lóð Hvassaleitisskóla er stækkuð og nær nú að Stóragarði til vesturs. Lóðin var 16.394m² en verður nú 16.656m². Deiliskipulagsmörk Hvassaleitisskóla eru stækkað og ná nú að Brekkugerði til suðurs og Stóragarði til vesturs, eða að merktu skólarútustæði á horni Stóra- og Smáagerðis og almennum sleppistæðum.

Nýtt almennt bílastæði skólans við Brekkugerði verður með grænu yfirbragði (bílastæði/opið svæði). Fella þarf tré vegna nýrrar innkeyslu , en öðrum trjáum verður plantað í þeirra stað. Annar trjágróður meðfram skólalóð stendur áfram og verður styrktur frekar, meðal annars til að draga úr innsýn inn á skólalóðina. Núverandi bílastæði í götunni (á borgarlandi) hliðrast eilítið til vegna nýju innkeyslunnar, en fjöldi þeirra verður óbreyttur (10).

Annað fyrirkomulag á lóð sem sýnt er á skýringarmynd er ekki bindandi.

Að öðru leyti standa áður samþykktir skilmálar deiliskipulags Hvassaleitisskóla óbreyttar.



HLUTI AF AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2010-30.

SKÝRINGAR

- Deiliskipulagsmörk
- Lóðarmörk (önnur en skóla)
- Núv. lóðarmörk Hvassaleitisskóla
- Stækking lóðar Hvassaleitisskóla
- Byggingareitir á lóð (færanlegar kennslustofur, hjóla- og sorpskýli)
- Núverandi skólabýgging
- Aðkoma aðfanga og hreyfihamlaðra
- Ný innkeysla inn á skólalóð
- Hlið
- Helstu göngustígar á lóð
- Almenn bílastæði á skólalóð / opið svæði
- Bílastæði hreyfihamlaðra
- Skólarútustæði
- Sleppistæði

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengló hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skýpulgslaga nr.123/2010

var samþykkt í

þann _____ 20__ og á

þann _____ 20__

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með

athugasemdafresti til _____ 20__

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann _____ 20__

Skipulagsfulltrúi

Breytt:

27.04.2021 - bílastæði / opið svæði

Dagsetning: 29.01.2021

Mælikvarði: 1:1.000 (a2 lög)



hornsteinar
arkitektar ehf

vinnustofa ingólfsstræti 5, 101 reykjavík

Reykjavík, 16. apríl 2019

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Rúnar Gunnarsson, deildarstjóri frumathugunardeild umhverfis- og skipulagssviðs

Sendandi: Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra og staðgengill sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: *Háaleitisskóli, Hvassaleiti – færa bílastæði.*

Við hönnun á endurnýjun skólalóðar Háaleitisskóla, Hvassaleiti er talið best að flytja bílastæði frá núverandi stað á suðurenda lóðarinnar við Brekkugerði. Eins og staðan er í dag er bílastæðið inni á miðri skólalóð og aðkoma að skólanum mjög þröng og erfitt að tryggja öryggi nemenda. Göngustígar liggja meðfram og inn á bílaplanið og oft hefur legið við slysum á börnum.

Hönnun breytinga á lóð byggði á tillögum aðila skólasamfélagsins sem sátu í undirbúningshópi í hönnunarferlinu. Í honum sátu fulltrúar nemenda, foreldra og starfsfólks. Það var samdóma álit allra aðila að mikilvægt væri að tryggja betur öryggi nemenda með því að færa umferð út af skólalóðinni. Neðsti hluti lóðarinnar sem vísar niður að Brekkugerði er lítið notaður af nemendum, þar er í dag malbikaður völlur. Til þess að ná sem bestri nýtingu á lóðinni var tillaga hópsins sú að bílastæðin færu þangað niður eftir. Þar eru bílastæði í dag en væri hægt að fjölga þeim með því að nýta völinn undir stæði og léttu þannig á umferð upp við skólann og taka gömlu bílastæðin undir leikvöll. Aðeins yrði þar áfram aðkoma þjónustubíla fyrir fatlaða og aðföng.

Skólaráð og foreldraráð Háaleitisskóla hefur tekið málið fyrir og er það þeirra ályktun að klára framkvæmdir eins og hönnun gerir ráð fyrir. Þau skora á borgaryfirvöld að klára þessar framkvæmdir og tryggja með því bætt öryggi barna í Háaleitisskóla og enn betri nýtingu á lóð.


Skóla- og frístundasvið styður þessa tillögu.



UMSÖGN

Varðar: breyting á deiliskipulagi Hvassaleitisskóla – Athugasemdir og svör

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hvassaleitisskóla að Stórágerði 11A. Í tillögunni eru sýndar endurbætur er stuðla að auknu öryggi nemenda og starfsmanna skólans, bæði er varðar bætt aðgengi að skólalóðinni og bættri aðstöðu til leikja innan hennar. Færa á almennu bílastæðin (30 stk.) frá norðurhluta skólalóðar yfir á suðurhluta með nýrri aðkomu frá Brekkugerði sem er á borgarlandi. Stæði hreyfihamlaða (2 stk.) verða áfram á núverandi stað fyrir framan aðalinngang skólans. Deiliskipulagsmörk verða útvíkuð og skólalóð verður stækkuð auk þess sem komið verður fyrir skólarútustæði og sleppistæði í Stórágerði. Nýjum byggingarreitum undir færanlegar kennslustofur og nýtt sorpgerði er komið fyrir innan skólalóðarinnar, samkvæmt uppd. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 29. janúar 2021 br. 27. apríl 2021. Einnig er lagt fram minnisblað skóla- og frístundasviðs dags. 16. apríl 2019. Tillagan var auglýst frá 19. febrúar 2021 til og með 7. apríl 2021. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir: Ólafía Aðalsteinsdóttir dags. 4. mars 2021, Axel Kaaber dags. 6. apríl 2021 og 46 eigendur að Brekkugerði og Stórágerði 27, dags. 7. apríl 2021. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. apríl 2021.



Tillaga að breyttu deiliskipulagi – deiliskipulagsuppdráttur dags. 29. janúar 2021.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi var auglýst frá 19. febrúar 2021 til og með 7. apríl 2021.

Eftirtaldir sendu athugasemdir:

Ólafía Aðalsteinsdóttir dags. 4. mars 2021,

Axel Kaaber dags. 6. apríl 2021 og

46 eigendur að Brekkugerði og Stórágerði 27, dags. 7. apríl 2021.

Almennt ganga athugasemdirnar út á:

- *Röskun á annars heilsteyptu hverfi, sér í lagi fyrirkomulagi umferðar*
- *Auknu umferðarmagni um Brekkugerði samfara færslu bílastæða starfsmanna*
- *Öryggi skólabarna samfara færslu bílastæða starfsmanna*

Efnislega eru athugasemdir eftirfarandi:

Athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á skólalóðinni; öryggi skólabarna og annarra gesta skólans, færsla á bílastæðum starfsmanna skólans á suðurhluta skólalóðar.

1. Athugasemdir 46 eigenda að Brekkugerði og Stóragerði 27, dags. 7. apríl 2021:

Við teljum fyrirhugaða deiliskipulagsbreytingu með öllu óskiljanlega. Ekki verður annað séð en að breytingin gangi gegn megináherslum skólayfirvalda um aukið öryggi á lóð skólans með óþarfri deiliskipulagsbreytingu sem hefur þau einu raunverulega áhrif að færa til 32 bílastæði, með tilheyrandi kostnaði fyrir borgarbúa og umfangsmiklu óhagræði og skerðingu á gæðum eigna í Brekkugerði og Stóragerði.

Samkvæmt núgildandi deiliskipulagi er aðkoma að Háaleitis skóla, Hvassaleiti frá Smáagerði, sem er gata sem liggur frá ljósastýrðum gatnamótum við Háaleitisbraut og þverar Stóragerði. Um þessa götu fara foreldrar sem aka börnum í skólann. Frá götunni er aðkoma að bílastæðum starfsmanna skólans í norðvesturhorni skólalóðarinnar og um götuna fara þeir sem flytja aðföng að eldhúsi, neyðarbílar og sorphirða. Einnig er aðkoma um Smáagerði fyrir hreyfihamlaða nemendur skólans. Í umræddri auglýsingu að breyttu deiliskipulagi kemur fram í greinargerð um núgildandi deiliskipulag að þar sem umferð sérbíla og farartækja hreyfihamlaðra blandast umferð gangandi og hjólandi vegfarendum geti það skapað hættu. Ekki verður séð að sú breyting sem fyrirhuguð er breyti þessu og því markmiði auðsjáanlega ekki náð með breytingunni. Telja íbúar þvert á móti að umrædd breyting muni skapa umtalsvert meiri skerðingu á öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og verður hér í framhaldinu gert nánar grein fyrir þeirri afstöðu.

1.1.

Öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda skert með tveimur akstursleiðum í stað einnar. Með fyrirhugaðri breytingu er verið að fjölga akstursleiðum að skólanum úr einni í tvær. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að ekið verði með börn að skólanum um Smáagerði, þar verði bílastæði hreyfihamlaðra og aðföng að skólanum verði áfram flutt að skólanum um Smáagerði. Auk þess verður aðkoma neyðarbíla og sorphirðu áfram um Smáagerði. Markmiði tillögunnar um að aðskilja umferð og leik er því síður en svo náð með fyrirhuguðum hætti með fjölgun akstursleiða.

Svar: Fyrirkomulag á breyttu mynstri akandi umferðar með auknum takmörkunum um sundið sem skilur að aðalinngang skólabyggingar og Smáagerði, var unnið í fullu samráði við skólastjórn Hvassaleitis skóla. Skólayfirvöld fagna þessari útfærslu og telja hana til mikilla bóta. Málsaðilar töldu farsælast að skilja á milli daglegrar aðkomu akandi starfsmanna skólans og aðkomu fatlaðra nemenda. Vissulega er gert ráð fyrir umferð neyðarbíla og sopabíla um sundið, en sú umferð er aðeins brot af þeirri umferð sem fer um sundið í dag og er ekki nauðsynlega á sama tíma og börn ganga að skólanum. Í minnisblaði frá skóla- og frístundasviði dags. 16. apríl 2019 kemur m.a. eftirfarandi fram:

Hönnun breytinga lóð byggði á tillögum aðila skólasamfélagsins sem sátu í undirbúningshópi í hönnunarferlinu. Í honum sátu fulltrúar nemenda, foreldra og starfsfólks. Það var samdóma álit allra aðila að mikilvægt væri að tryggja betur öryggi nemenda með því að færa umferð út af skólalóðinni. Neðsti hluti lóðarinnar sem vísar niður að Brekkugerði er lítið notaður af nemendum, þar er í dag malbikaður völlur.

1.2.

Aukin umferð og skert öryggi við Brekkugerði. Aðalaðkoma og bílastæði starfsmanna eru samkvæmt tillögunni í suðvesturhorni skólalóðarinnar með aðkomu frá Brekkugerði. Þessi aðkoma hefur í för með sér aukna umferð um Stóragerði og Brekkugerði, sem er fáfarin húsagata og hefur fram að þessu fyrst og fremst þjónað íbúum götunnar og þeirra sem þangað eiga erindi. Við suðurmörk skólalóðarinnar og Brekkugerðis eru nú bílastæði sem eru fullnýtt af íbúum götunnar.

Svar: Akstursaðkoma starfsmanna skólans og gesta hans að hinu nýja bílastæði mun færast frá Smáagerði að krossgötum Listabrautar og Háaleitisbrautar sem liggja steinsnar í burtu frá bílastæðinu nýja. Við þann stutta vegspotta að bílastæði er m.a. lóð bensinstöðvar við Brekkugerði. Ónæði íbúa að Stóragerði 27 og 29 og Brekkugerði 4 vegna þessa má með sanngirni telja vel innan þolmarka í borg sem bæði stækkar og tekur breytingum. Tíu bílastæði á borgarlandi við suðurmörk skólalóðar við Brekkugerði munu haldast óbreytt og standa íbúum götunnar sem og öðrum borgarbúum til boða.

1.3.

Skert öryggi á leiksvæðum skólans. Bílastæði starfsmanna eru samkvæmt núgildandi skipulagi ágætlega aðgreind frá leiksvæðum skólalóðarinnar. Bílastæðin eru á norðurhluta lóðarinnar en leiksvæðin á suðurhlutanum. Eftirlit á skólalóðinni verður erfiðara þegar leiksvæðin eru aðskilin á norður- og suðurlóðinni. Enn fremur eru leiksvæði sitt hvorum megin við bílaumferð sem skapar hættu á umferð barna frá þrekvelli yfir akstursbraut og yfir á leiksvæði hinum megin umferðarinnar.

Svar: Umferð um sundið milli Smáagerðis og aðalinngangs skólahússins mun minnka mikið frá því sem er í dag. Umferð foreldra sem aka börnum sínum í skólann mun eftir sem áður staðnæmast í Stóragerði við munna sundsins og börnin munu ganga inn sundið sem liggur að aðalinngangi skólans, um mun betri gönguleið en er í dag. Aðkoma bifreiða á vegum Ferðaþjónustu fatlaðs fólks fær vel aðgreint sérými eða snúningssvæði næst inngangi. Erfitt er að fallast á þá staðhæfingu að eftirlit á skólalóð verði erfiðara vegna þessa fyrirkomulags. Lokahönnun skólalóðar mun taka mið af skýrri aðgreiningu snúningssvæðis og leiksvæða.

1.4.

Óbreytt staða bílaaðstöðu fyrir hreyfihamlaða. Tryggja má sérmerkt bílastæði hreyfihamlaðra án breytingar á núgildandi deiliskipulagi. Raunar er ekki að sjá marktæka breytingu á bílaaðstöðu hreyfihamlaðra við fyrirhugaða breytingu þar sem bílastæði þeirra eru tryggð í núgildandi deiliskipulagi og nánast á sama stað á fyrirhugaðri breytingu. Því verður að telja eitt af markmiðum breytingarinnar óþarft.

Svar: Þó að staðsetning sérmerktra bílastæða fyrir hreyfihamlaða sé haldið við aðalinngang skólabyggingarinnar, þá er full ástæða til að gera bæði staðsetningu og öruggari aðkomu hátt undir höfði við deiliskipulagsgerð. Slík markmið geta aldrei talist óþörf. Mest öll umferð sú sem enn fær aðgang næst aðlinngangi skólans afmarkast við fyrrgreindt snúningssvæði við enda sundsins.

1.5.

Aðkoma bíla með aðföng, neyðarbíla og sorphirðu. Eitt af markmiðum tillögunnar er að skoða eigi aðkomu bíla með aðföng að eldhúsi, neyðarbíla og sorphirðu. Þetta er sama markmið og sett var fram í auglýstri deiliskipulagstillögu árið 2017. Furðu vekur að þessi aðkoma hafi ekki verið skoðuð á þeim þremur árum sem liðin eru frá fyrri auglýsingu. Deiliskipulagstillagan ber ekki með sér að breyting verði á aðkomu þessara stóru bíla.

Svar: Ekki verður komist hjá því að þjónustubílar og jafnvel stærri kantinum eigi af og til erindi inn á skólalóðina með t.a.m. vörur. Einnig einstaklinga sem vegna fötlunar verður að koma að sem næst innangi. Til að tryggja séraðgengi þessara aðila gerir núverandi deiliskipulagsbreyting ráð

fyrir að komið verði fyrir aðgangstýrðu hliði við lóðamörk skólalóðar og borgarlands (Stóragerði). Umferð þessi er sértæk og er bæði hægt að stýra og hafa umsjón með, ólíkt umferð almennra einkabíla.

1.6.

Aukin slyshætta. Með því að taka núverandi bílastæði starfsmanna undir leiksvæði fyrir þrekraunir er verið að setja upp leiksvæði fast upp að aðalaðkomu að skólanum. Skapar það augsjáanlega aukna slyshættu.

Með flutningi bílastæðanna á suðurhluta lóðarinnar er verið að fórna leiksvæði sem ekki er aðeins notað af nemendum skólans heldur einnig börnum í hverfinu utan skólatíma.

Bílastæði starfsmanna verða samkvæmt tillögunni langt frá inngangi í skólann og hefur það óhagræði í för með sér fyrir starfsmenn.

Svar: Útfærsla teiknistofunnar Hornsteina arkitekta ehf. á endurhönnun skólalóðarinnar var einvörðungu unnin undir því leiðarljósi að auka öryggi barna og unglinga á leiksvæðum lóðarinnar; á þann hátt að takmarka akandi umferð að aðalinngangi skólans og aðskilja með skýrum hætti frá skólalóð líkt og komið hefur fram í svari nr. 3.

Svar: Ekki er hægt að fallast á þá staðhæfingu að verið sé að fórna leiksvæði fyrir bílastæði þar sem aðgangur að skólalóðinni er eftir sem áður opin nemendum Hvassaleitisskóla jafnt sem öðrum þegnum landsins; í grunninn er um að ræða vistaskipti eða tilfærslu á svæðum. Eins og áður hefur komið fram var ný útfærsla skólalóðarinnar unnin í fullu samráði við skólastjórnendur og starfsmenn skólans sem telja ekki eftir sér að ganga örlítið lengri spöl að aðalinngangi skólans en áður eftir að bílnum hefur verið lagt við suðurenda skólalóðar. Sá spölur liggur þrátt fyrir allt í jaðri skólalóðarinnar eftir göngustíg.

Hugsanlega er hægt að endurskoða í framtíðinni staðsetningu almennra bílastæða starfsmanna og breyta notkun reitsins sem fer undir stæðin ef aðstæður og forsendur breytast. Vegna þessa eru almenn bílastæði starfsmanna nú einnig merkt sem *opið svæði* (bílastæði / opið svæði) á deiliskipulags- og skýringauppdraetti, í greinargerð að tillögu, sem og í skýringum.

1.7.

Hægt að ná markmiðum breytinganna án deiliskipulagsbreytingar.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að syðsta leiksvæðið verði tekið undir bílastæði og bílastæðin nyrst á lóðinni verði tekin undir leiksvæði. Ekki er verið að fjölga leiksvæðum. Auðveldlega má ná fram markmiði tillögunnar um leiksvæði fyrir þrek íþróttir t.d. á syðsta leiksvæðinu samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Að koma fyrir leiksvæði fyrir þrekíþróttir er hægt að gera innan núgildandi deiliskipulags.

Markmiði deiliskipulagstillögunnar um áherslu á hvetjandi umhverfi sem styður við hjólreiðar má auðveldlega ná án þess að ganga á hagsmuni nágranna skólans, íbúa hverfisins. Nú þegar eru göngu- og hjólreiðastígar meðfram mörkum skólalóðarinnar sem tengjast stígakerfi borgarinnar. Íbúar hverfisins fagna því að áhersla sé lögð á aukið umferðaröryggi gangandi vegfarenda og hjólreiðafólks en telja það ekki gert með því að auka bílaumferð um Stóragerði og Brekkugerði.

Svar: Umfang umræddra breytinga á skólalóð Hvassaleitisskóla kallar þrátt fyrir allt á formlega deiliskipulagsbreytingu vegna breyttra forsenda, skerpingu markmiða og upplýsingaskyldu til handa hagsmunaaðilum, þ.m.t. nágranna. Skólastjórn og umsýsluaðilar skólans, þ.e. Reykjavíkurborg, telur svæðið næst aðalinngangi betur varið fyrir börn og leiksvæði en stæði undir bíla.

Önnur atriði:

1.8.

Deiliskipulagstillagan er í andstöðu við markmið aðalskipulags Reykjavíkur.

Í bíla- og hjólastæðastefnu aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 kemur það markmið fram að mörkuð verði skýr stefna um bíla- og hjólastæði í hverfis- og deiliskipulagi á grundvelli stefnu aðalskipulags. Þá verði þróuð ákvæði í hverfis- og deiliskipulagi sem feli í sér hvatningu til framkvæmdaáðila um að haga bílastæðum með þeim hætti að áhrif á götumyndina verði sem minnst (bls. 154). Ekki verður séð hvernig umrædd auglýsing að breyttu deiliskipulagi standist þau markmið sem fram koma í aðalskipulagi borgarinnar þegar sú framkvæmd sem Reykjavíkurborg hyggst fara í með breyttu deiliskipulagi mun verða þess valdandi að götumynd í Brekkugerði breytist til muna með því að umfangsmikil bílastæði verður hluti af götumyndinni. Þá er vert að undirstrika þau markmið sem eru gegnumgangandi í aðalskipulagi borgarinnar og raunar eru dregin fram sem ein af forsendum umræddrar breytingar og snúa að minnkun bílaumferðar og því að Reykjavík verði betri hjólaborg. Einnig er sú regla sett fram í aðalskipulagi (bls. 154) að hvatt sé til þess að fleiri velji annan ferðamáta en bílinn til vinnu vestan Elliðaáa. Ekki verður séð hvernig slíku markmiði er náð með umfangsmiklum, og að mati undirritaðra óþörfum framkvæmdum, til

þess að færa 32 bílastæði um set. Bílastæðum mun ekki fækka við framkvæmdina heldur mun þeim fjölga úr þeim 30 stæðum sem telja má á teikningu í auglýsingu í 34 stæði að lokinni breytingu, þ.e. 32 stæði á nýjum stað auk tveggja stæða fyrir hreyfihamlaða fyrir framan skólann. Þá mun götumynd Brekkugerði breytast til muna sem og að umferð um götuna mun margfaldast. Með fyrirhuguðum fjölda bílastæða við Háaleitisskóla er gert ráð fyrir stæði fyrir um 85% starfsmanna skólans, ef miðað er við upplýsingar um starfsmenn skólans á heimasíðu hans. Byggir auglýst breyting á deiliskipulagi því, þvert á markmið borgarinnar í aðalskipulagi um að hvetja til notkunar annarra ferðamáta en einkabílsins, á því að fjöldi þeirra sem nýta sér einkabílinn fjölgi. Enn fremur verður að telja breytinguna með öllu óskiljanlega þegar litið er til fækkunar nemenda við skólann síðustu ár, sem ætti að leiða til léttari umferðar við skólann. Rétt þykir að benda á að nemendafjöldi í Hvassaleitisskóla er samtals 187 (janúar 2018), en nemendafjöldinn var 350 við samþykki núgildandi deiliskipulags (ágúst 1999) skv. því sem fram kemur í texta á deiliskipulaginu og er það 47% fækkun nemenda á tímabilinu. Bílastæðaþörfin er því mun minni en áður var. Þá skal bent á að við marga grunnskóla borgarinnar eru engin bílastæði innan skólalóðarinnar.

Frá því að deiliskipulagstillagan var auglýst árið 2017 hefur ný stefnumörkun litið dagsins ljós í umferðarmálum höfuðborgarsvæðisins til framtíðar. Sveitarfélögin hafa sameinast í að gera almenningssamgöngur aðgengilegri og verið er að vinna að uppbyggingu „borgarlínu“. Á vef borgarlínu er vitnað í samgöngusáttmála milli ríki og SSH og á vefnum er ritað: „Markmiðið er að árið 2040 muni a.m.k. 2/3 íbúa á höfuðborgarsvæðinu búa í nálægð við góðar almenningssamgöngur“. Stofnleiðir borgarlínu verða sjö og munu þrjár þeirra liggja í mikilli nálægð við skólann. Undirrituð telja að sú breyting sem fyrirhuguð er sé ekki til þess fallin að hvetja einstaklinga til að nýta sér aðra ferðamáta, sem þó eru með besta móti í Háaleitishverfinu miðað við önnur svæði borgarinnar, með tilkomu nýrra hjólastíga við Háaleitisbraut og Grensásveg sem og nálægð við stoppistöðvar strætisvagna bæði á Háaleitisbraut, Grensásvegi og Miklubraut.

Í ljósi alls ofanritaðs leggja undirritaðir íbúar áherslu á að samkvæmt 28. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er aðalskipulagi ætlað að leggja grunn að gerð deiliskipulags og því ótækt að samþykkt verði breyting á deiliskipulagi sem gengur í berhöggi við markmið aðalskipulags borgarinnar. Þá telja íbúar Brekkugerðis þá breytingu sem fyrirhuguð er til þess fallna að rýra virði þeirra fasteigna sem standa við götuna og vekja því athygli skipulagsyfirlalda borgarinnar á ákvæði 1. mgr. 51. gr. skipulagslaga. Íbúar götunnar telja þá framkvæmd sem fyrirhuguð er talsvert umfangsmeiri en þörf krefur til að ná markmiðum hennar og því ganga gegn meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, sbr. 12. gr. laga nr. 37/1993, þar sem segir: „Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til“. Íbúar við Brekkugerði telja þá ákvörðun borgaryfirlalda að gera þá breytingu á deiliskipulagi sem hér er rædd bæði íþyngjandi fyrir íbúa götunnar og að hægt sé að ná markmiðum hennar með öðrum og minna íþyngjandi hætti.

Við undirrituð þinglýstir eigendur; fulltrúar alls íbúðarhúsnæðis við Brekkugerði og Stóragerði 27, hvetjum skipulagsyfirlögd Reykjavíkurborgar til að falla frá auglýstri tillögu að breyttu deiliskipulagi Hvassaleitisskóla. Tillagan þjónar hvorki hagsmunum íbúa hverfisins eða skólans, né nemendum eða starfsmanna hans.

Svör: Ekki er hægt með góðu móti að fallast á þá staðhæfingu að götummynd Brekkugerðis breytist til muna við þessa framkvæmd, þ.e. færslu bílastæða starfsmanna og gesti skólans yfir á syðri hluta skólalóðarinnar. Umferð starfsmanna skólans einskorðast við morgna og síðdegi. Borgaryfirvöld munu sjá til þess að allt umhverfi bílastæðisins nýja verði fegrað við frágang eins og frekast er unnt með gróðri svo ásynd þess verði öllum til sóma, ekki síst um helgar þegar stæðin standa auð. Rétt er að geta þess að stæði þessi standa íbúum Brekkugerðis til reiðu um helgar.

Í athugasemdum er vitnað í Aðalskipulag Reykjavíkur, bls. 154 í sambandi við markmið hverfisverndar. Ekki skal gert lítið úr óróa og áhyggjum íbúa við Brekku- og Stóragerði sem bera hag fyrir eigin götummynd, en efnisgrein sú sem vitnað er í snýr að hverfisvernd **innan Hringbrautar**, s.s. verndun grunnmynsturs og sérkenna, þ.e. **sögulegs** byggðarmynsturs gatna, byggingarreita, lóða og opinna rýma. Enn skal áréttað að leitað verði allra leiða til að útbúa vistlegt umhverfi svo ásynd ofan af efri hæðum nágrannahúsa á bílastæðið verði sem fegurst.

Deiliskipulagsbreytingin tekur mið af áformum Hjólreiðaáætlunar Reykjavíkur 2015-2020 sem uppfyllir markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010 -2030 vegna uppbyggingu hjólastæða á uppfærðri skólalóð Háaleitisskóla/Hvassaleiti. Þar er gert ráð fyrir að fjöldi hjólastæða fyrir nemendur og starfsfólk nemi 20% af heildarfjölda, og að helmingur þeirra verði yfirbyggð. (<http://hjolaborgin.is/#1>). Starfsmenn hafa eftir sem áður val um að haga ferðum sínum og vali á fararskjóta eftir efni og ástæðum hverju sinni.

Umrædd bílastæði skólans eru einnig fyrir gesti hans, svo ekki er einboðið að fækka verði bílastæðum þó hjólastæðum næst inngangi fjölgi og markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010 - 2030 gangi í þá átt að byggja undir vistvænni og heilnæmari samgöngumáta, svo sem hjólreiðar.

Þó að nemendafjöldi Háaleitisskóla/Hvassaleiti sé nú í sögulegu lágmarki, þá er rétt að miða bílastæðapörf starfsmanna við hámarks nemendafjölda. Við úrvinnslu og lestur innsendra athugasemda var leitað eftir í nýjustu tölulegu upplýsingum frá Skrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Í Hvassaleitisskóla eru 186 nemendur og hefur þeim fjölgað úr 159 á seinustu 18 mánuðum. Spáin hér fyrir neðan gerir ráð fyrir fjölgun á næstu árum, stærri árgangar virðast vera að koma inn skólann á næstu árum en eru að fara úr honum og svo er enn gert ráð fyrir einhverri viðbót af RÚV-reitnum:

	Raunfjöldi	Nemendaspa (uppbyggingarreitir með)					
Skólar	1.apr.21	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Hvassaleitisskóli	186	197	198	199	192	209	218

Í dag býr að meðaltali 0,21 grunnskólabarn í skólahverfi Hvassaleitisskóla. Samkvæmt Borgarvefsjá er hlutfallið mun lægra eins og staðan er í dag á RÚV-reitnum eða um 0,05 grunnskólabörn á íbúð. Fjöldi barna á leikskólaaldri á reitnum bendir þó til þess að á næstu árum muni töluvert fjölga þar af börnum á grunnskólaaldri. Ef sama hlutfall væri af grunnskólabörnum á RÚV-reitnum og er að meðaltali í skólahverfi Hvassaleitisskóla í dag, byggju á reitnum um 60-70 grunnskólabörn en í rauninni eru þau bara 17. Einn annar uppbyggingarreitur er í skólahverfis Hvassaleitisskóla og er það Kringlan með 1000 íbúðir. Miðað við Hvassaleitishlutfallið í dag gætu búið þar í framtíðinni allt upp í 200 grunnskólabörn. Miðað við tegundir íbúða er þó líklegt að grunnskólabörnin verði um 130.

Hvassaleitisskóli er grunnskóli fyrir 1. – 7. bekk en skilgreint skólahverfi unglinga af svæðinu er Réttarholtsskóli. Miðað við tölurnar hér að ofan vegna RÚV-reits og Kringlunnar er hægt að ímynda sér að á reitunum komi í framtíðinni til með að búa samtals um 130 börn á barnaskólaaldri, þ.e. börn

sem eiga að vera í 1. – 7. bekk. Sé sú tala lögð saman við þá 186 nemendur sem eru þar í dag þá væri nemendafjöldinn um 320.

Oft er miðað við að í grunnskólabyggingum eigi að vera minnst 11m² á barn. Miðað við það ætti skólabygging Hvassaleitisskóla að geta rúmað 327 börn. Skólabyggingin virðist því geta rúmað 6-12 ára grunnskólabörn sem í framtíðinni koma til með að búa í öllum skólahverfinu, þ.m.t. á RÚV-reit og Kringlunni.

Í dag starfa í Hvassaleitisskóli 51 starfsmaður. Þrjátíu bílastæði fyrir starfsmenn skólans eru síst ofmetin í ljósi þessara gagna. Ekki er hægt að fallast á þá staðhæfingu að þessi tiltölulega hóflega framkvæmd rýri virði fasteigna sem standa við götuna.

Ekki er fallist á að deiliskipulagstillagan gangi gegn meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar

12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Það er mat skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar að deiliskipulagstillagan þjóni vel **heildarhagsmunum borgarbúa, íbúa hverfisins og skólans**, hvort heldur nemendum, starfsmönnum og gestum hans.

2. Athugasemdir Axels Kaaber, dags. 6. apríl 2021

„50 STÆÐI VIÐ STÓRAGERÐI OG BREKKUGERÐI. ÞAR AF 40 STÆÐI NÆR AÐALINNGANGI SKÓLANS EN FYRIRHUGUÐ NÝ BÍLASTÆÐI.“

Í auglýstu deiliskipulagi á að breyta um 1000m² af suðurenda lóðar Hvassaleitisskóla í bílastæði fyrir 30 bíla með nýrri innkeyrslu inn á lóð skólans. Eftir breytingu yrðu innkeyrslur inn á skólalóðina tvær. Auðvelt er að finna þessum 30 bílum pláss á öðrum stað, nær aðalinngangi skólans og án þess að búa til nýja innkeyrslu á skólalóð með tilheyrandi hættu fyrir skólabörn og aðra óvarða vegfarendur.

Í nokkur skipti síðasta mánuðinn hef ég gengið Stóragerði með hundinn og talið auð bílastæði. Þetta hef ég gert bæði fyrir klukkan 8:30 á morgnana og eftir klukkan 18:00 á kvöldin, á þeim tíma sem flest stæði íbúa eru upptekin, fyrir og eftir vinnu. Á þeim kafla Stóragerðis sem afmarkast af Brekkugerði og Heiðargerði hef ég aldrei talið færri en 40 laus stæði. Hæst hef ég talið 51 laust stæði síðastliðið föstudagskvöld kl. 18:30. Þau stæði sem ég hef talið eru nánast öll nær aðalinngangi Hvassaleitisskóla en fyrirhuguð ný bílastæði á suðurenda lóðarinnar. Á meðfylgjandi teikningu má sjá fjölda ónotaðra bílastæða á umræddu svæði. Loftmyndin er tekin þann 27/07/20.

Möguleiki er á því að samnýta bílastæði milli íbúa hverfisins annars vegar og starfsfólks Hvassaleitisskóla hins vegar. Nærtæk og nýleg fordæmi sem nefna má í samnýtingu bílastæða er samnýting milli starfsmanna RÚV og íbúa á RÚV reitnum. Við Stóragerði eru stæðin á borgarlandi og gæti Reykjavíkurborg jafnvel eyrnamerkt einhver stæði skólanum ef vill. Auk allra stæðanna við Stóragerði eru 11 bílastæði við Brekkugerði, þar af standa 5 þeirra öllu jöfnu auð, líkt og í þessum skrifuðu orðum laust fyrir miðnætti.

Hugmyndir um notkun á stórrí lóð á besta stað vantar ekki en bílastæðaplan er ekki ofarlega á lista yfir góðar hugmyndir. Þessir 1000m² sem snúa í hásuður innan um falleg tré væri í staðinn hægt að nýta í lítinn borgargarð fyrir hverfið með leikvelli í tengslum við skólann, hjólabrettapark, reisa þar lítið kaffihús með veitingasölu í grónu umhverfi, nú eða klára byggðina í kringum skólann með tveimur tvílyftum íbúðarhúsum á tveimur lóðum. Peningana fyrir lóðasöluna getur skólinn svo nýtt í að gera núverandi lóð og skólann enn betri.

Til samantektar þykir mér það innilega óþarft að nota 1000m² af lóð á besta stað til að skapa bílastæði sem eru nú þegar til staðar nær inngangi skólans.



Svör: Athugasemdir hagaðila eru áhugaverðar. Í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur er stefnan að nýta borgarlandið betur og auka almennt gæði borgarrýmisins. Í nýju hverfisskipulagi yfir BORGARHLUTA 5, HVASSALEIT – BÚSTAÐIR, verður kynnt stefna um vistvænar samgöngur og samnýtingu almennra bílastæða sem byggir á nýlegri stefnu borgarinnar samþ. í skipulags- og samgönguráði 19. desember 2018 og í borgarráði 10. janúar 2019, sem og innleiðingu hleðslustæða í borgarlandi samfara vaxandi rafbílavæðingu almennings.

Við samþykkt hverfisskipulagsins mun núverandi deiliskipulag skólalóðarinnar verða felld inn í skilmála heildarskipulags hverfisskipulagsins. Í þeirri vinnu verður farið yfir allt bílastæðabókhald hverfisins og það metið hvort fækka megi bílastæðum á lóð skólans. Sjá einni svar við athugasemdum nr. 1.6. að ofan varðandi almenn bílastæði innan skólalóðar (einnig í niðurstöðum).

3. Athugasemdir Ólafíu Aðalsteinsdóttur, dags. 4. mars 2021

Erindi mitt í sambandi við þessar breytingar er, að úr því að á að fara í framkvæmdir á skólalóðinni þá verði einnig hreyft við leiktækjunum sem standa norðanmegin við skólahúsið. Ég bý í Heiðargerði 36, sem er norðan við Hvassaleitisskóla. Á milli er göngustígur sem liggur í austur – vestur. Húsið mitt er sem sagt alveg upp við göngustíginn. Fyrir fáeinum árum voru leiktækin á skólalóðinni endurnýjuð og tóku börnin því fegins hendi að fá skemmtileg tæki til að leika sér í, en böggull fylgir skammrifi. Eins ótrúlegt og það má vera, þá er alveg gríðalegt ónæði af leik barnanna í öllum frímínútum. Mér sýnist yngri deildirnar leika sér norðan megin og á þessum aldri barnanna, þá skrækja þau og óskra alveg stöðugt í leik sínum. Ég vann sem dagamma í nokkur ár og það var alveg óhugsandi að láta börnin sofa undir suðurvegg hússins, einmitt þar sem er aðeins hlýrra á veturna. Suðurveggur hússins snýr að skólalóðinni. Það var ekki svefnfríður fyrir börnin fyrir stöðugum öskrum og skrækjum. Nú er ég virðulegur eldri borgari, heima allan daginn og get varla opnað glugga nema þegar börnin eru í tíma. Ég hef lengi pirrað mig á þessu, en ekkert gert í málinu fyrr en nú, er fé fæ bréf ykkar varðandi breytingar á bílastæðunum vestan við skólahúsið. Sunnan megin við skólahúsið er nokkuð mikið rými þangað sem bílastæðin fara. Þar eru líka boltavellir. Má ekki hugsa alla lóðin upp á nýtt og hugsanlega færa til tæki, byggja hljóðmön eða hljóðvegg. Norðan megin við skólahúsið er körfuboltavöllur sem unglingar spila mikið á að vor- og sumarlagi, flest kvöld og stundum fram á nótt. Það er hið besta mál og bolti truflar mig alls ekki. Það eru þessu öskur og skrækir sem ungir krakkar virðast hafa þróað með sér í leik sínum. Gjörsamlega óþolandi. Svo en eitt vandamál enn varðandi Hvassaleitisskóla. Þakið er fergjað með grjóti. Eldri börnin leika sér að því að klifra upp á þak og kasta grjóti niður á lóðin. Eða bara eitthvað út í loftið. Það er gaman að kasta gróti úr því að það er þarna. Þessu grjóti er kastað áfram bara eitthvað og stundum inn í garðinn minn og stundum hitta þau í rúðuna. Alltaf áður en túnbletturinn er sleginn á sumrin, þarf að fara yfir flötina til að týna upp steina sem búið er að kasta út í loftið. Á sumrin fer ég reglulega með hjólbörur um göngustíginn og týni upp væna hnullunga. Þá er alla vega ekki hægt að kasta því grjóti aftur. Ég óska eftir að erindi mitt verði tekið til athugunar og úrbóta leitað – sérstaklega úr því þið eruð að fara af stað í framkvæmdir.

Svör: Seint verður með öllu komið í veg fyrir ónæði vegna háreista skólabaran við leik í frímínútum. Athugasemdir vegna ónæði yngri grunnskólabarna á umræddum stað (á norðurhluta skólalóðarinnar), í leiktækjum sem hefur verið komið fyrir nýverið og liggja við lóðamörk / gangstíg líkt og skipulagsuppráttur sýnir. Lagt er til að skoðað verði hvort ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi leiktækja til að koma til móts við athugasemdir.

Niðurstaða:

Lagt er til að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt með eftirtalinni breytingu (viðbót):

Almenn bílastæði á skólalóð verði einnig merkt sem opið svæði, þ.e. **bílastæði / opið svæði** á deiliskipulags- og skýringaupprætti, í greinargerð að tillögu, sem og í skýringum.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt